



Stöðuskýrsla – Jarðhræringar á Reykjanesi

Dagsetning:	1. júní 2024 kl 10:00	Stig:	Hættustig
Tekið saman af:	Dagbjartur Kr. Brynjarsson		
Netfang:	dagbjartur@ferdamalastofa.is	Sími:	659 9099

Yfirlit

- Virkni eldgossins nokkuð stöðug síðasta sólahring
- Hraunrennsli aðallega milli Hagafells og Sýlingarfells
- Meðalhraunflæði fyrstu fjórar klukkustundir gossins var metið um 1500 m³/s
- Gosmóðu vart víða um land. Hægt er að fylgjast með loftgæðum [hér](#)
- Gasmengun gæti orðið vart í Ölfusi og á höfuðborgarsvæðinu næstu daga. Fylgist með gasdreifingarspá [hér](#)
- Sjá uppfært hættumat aftast í skýrslu
- Nokkuð álag hefur verið á press@itb.is vegna beiðna fréttamanna í að komas að svæðinu.

Hættumat var uppfært 31. maí kl 15:00 og gildir að öllu óbreyttu til 4. júní kl 15:00.





Upplýsingar frá Samhæfingarstöð

Uppfært 1. júní kl: 08:00

Svo virðist sem að enginn hafi gist í Grindavík síðastliðna nótt.

Unnið er að uppfærðum fóttaleiðum af flestum svæðum og þær merktar.

Veðurfar næstu daga skýjað á landinu, suðvestan átt. Á morgunn verður skúringarkenndari úrkoma. Gasspá, fer til norðausturs og yfir höfuðborgarsvæðið í dag. Fyrramálið til austurs og framhjá höfuðborgarsvæðinu.

Vegna þessa reyks/gufu við varnargarð L7 núna áðan þá er ekkert að sjá í mælum og enginn órói. Erfitt að segja hvað þetta er. Gæti eitthvað verið að brjóta sér leið þarna í gegn, einnig spurning um grunnvatn. Fylgst verður náið með því sem er að gerast vð varnargarð L7. Öryggisstjóri ítrekar að halda þarf fjarlægð frá því sem er í gangi við Varnargarð L7.



Hraunstreymi er virðist aðalega leita til austurs með Vatnaleiðinni og safnast þar fyrir. Hefur ekki áhrif á Grindavík að svo stöddu.

Upplýsingar frá Veðurstofu Íslands

Uppfært 31. Maí kl 15:30

Virkni eldgossins sem byrjaði um hádegisbil 29. maí hefur verið nokkuð stöðug síðasta sólahring. Virkni á gossprungunni er frá gígnum sem gaus lengst af í síðasta gosi, til móts við Sundhnúk og á gossprungunni norðan við hann. Hraun rennur aðallega frá gígnum í átt að svæðinu milli Hagafells og Sýlingarfells og þykknar einnig nærri honum. Hraun frá nyrðra hluta gossprungunnar rennur mest til austurs. Engin framrás hefur orðið á þeim hrauntungum sem fóru yfir Grindavíkurveg til móts við Þorbjörn og vestan við bæinn. Hraunið í kringum gamla gíginn bunkast upp í nálægð við virka gíginn. Lítil sem engin skjálftavirkni er á svæðinu og óróinn hefur haldist stöðugur síðan í fyrradag. Töluvert sig mældist á aflögunarmælum í Svartsengi í kjölfar kvikuhlaupsins á miðvikudag, en síðan þá hafa ekki mælst markverðar breytingar sem benda til þess að kvikusöfnun sé hafin aftur þar. Mælingar næstu daga munu gefa frekari upplýsingar um þróun á kvikusöfnun undir Svartsengi og framvindu eldgossins.


Myndmælingateymi Náttúrufræðistofnunar og Landmælinga Íslands hefur unnið úr gögnum úr mælingaflugi sem farið var í um fjórum klukkustundum eftir að gos hófst ásamt gervitunglamyndum. Út frá þeim gögnum sést að flatarmál hraunsins var síðdegis þann 29. maí þegar orðið 8,7 km² og rúmmál þess 24 milljón m³. Meðalhraunflæði fyrstu fjórar klukkustundir gossins er metið ~1500 m³/s byggt á sömu gögnum. Mat á flæði hrauns sem kemur upp úr gígnum hefur ekki verið uppfært síðan þá, en gera má ráð fyrir því að nú sé það margfalt minna en í upphafi gossins. Til



samanburðar var meðalhraunflæðið fyrstu klukkustundirnar í eldgosinu sem hófst 16. Mars metið um 1100-1200 m³/s. [Nánar um það á vef Jarðvísindastofnunar.](#)

Gosmóðu vart víða um land

Suðvestlægar áttir fram á sunnudag, en þá snýst vindur til vestlægrar áttar. Víða dálítill væta, einkum um landið suðvestanvert. Gasmengun berst því til norðausturs og síðar austur og gæti orðið vart í Ölfusi og á höfuðborgarsvæðinu næstu daga. Gosmóðu hefur orðið vart víða um land síðasta sólahring og hefur mælst á mælum Umhverfisstofnunar. Gosmóða er samsett úr mjög fínum brennisteinsögnum (SO₄) sem hafa orðið til vegna efnahvarfa gosmakkarins við raka og súrefni andrúmsloftsins með tilstuðlan sólarljóss. Þegar dagur er langur, eins og nú er, eru því auknar líkur á að gosmóða myndist. Gosmóða mælist ekki á SO₂ gasmælum en sjást hins vegar sem gráblá móða þegar ákveðnum styrk er náð. Hækkun á örfínu svifryki (PM₁ og PM_{2.5}) getur verið vísbending um að SO₄ sé til staðar. Hægt er að fylgjast með loftgæðum á loftgæðamælum umhverfisstofnunar. Í næstu viku eru líkur á norðan og norðvestan áttum og því litlar líkur á gas og loftmengun í byggð.



Meðfylgjandi gervitunglamynd (Sentinel-5p) sem tekin var kl. 13:47 í gær, 30. maí, sýnir SO₂ mökkin sem barst frá eldgosinu til austurs og varð m.a. vart á Austfjörðum.

Uppfært hættumat

Veðurstofan hefur uppfært hættumat í ljósi þróunar á eldgosinu. Svæði 1, 5 og 7 fara úr mikilli hættu í töluverða hættu (appelsínugult). Helsta breytingin er að hætta á gasmengun, gjóskufalli og hraunflæði er nú talin minni en áður á þeim svæðum. Áfram er mjög mikil hættu á svæði 3 (fjólublátt) sem er Sundhnúksígígaröðin og upptök eldgossins. Heildarhætta á svæði 4 (Grindavík)



helst óbreytt og er áfram metin mikil (rauð) en þó er hætta á gosopnun, hraunflæði og gjóskufalli metin minni en áður. Kortið gildir að öllu óbreyttu til 4. júní. Uppfært hættumatskort má finna aftast í stöðuskýrslunni.

Frá Ferðamálastofu


Uppfært 1. júní kl 10:00

Fulltrúi Ferðamálastofu hefur fylgst með framvindu og verið í góðu sambandi við Samhæfingastöð Almannavarna. Nokkuð álag hefur verið í á netfanigð press@itb.is þar sem að erlendir fréttamenn eru að óska eftir aðgengi og upplýsingum í kringum gosið. Töluvert ágengi hefur verið í að fá TETRA stöðvar og gasmæla leigða frá Ferðamálastofu.

Ákveðið hefur verið að fjölmiðlafylgd inn á svæðið verði daglega kl 11:00 og 15:00 fram á sunnudag. Fjölmiðlafylgd fer frá lokunarpósti við Nesveg. Fjölmiðlum er heimilt að notast við skráða dróna svo framarlega að þeir fari ekki upp fyrir 60 metra hæð.

Þá er hafist handa við að nota fjölnotapassa fyrir erlenda fréttamenn þar sem að þeir fái aðgang að svæðinu í viku í senn. Er þetta gert til þess að einfalda ferli og minnka álag á Ferðamálastofu og Aðgerðastjórn Almannavarna.

Frekari upplýsingar veitir Dagbjartur í dagbjartur@ferdamalastofa.is eða 6599099.



https://www.vedur.is/media/uncategorized/Haettusvaedi_VI_31mai_2024.png